

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/896****2021/EES/22/100****frá 28. maí 2019**

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar evrópsk matsskjöl um skilveggjasamstæður sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfi sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum, þunnar samsettar málmplötur, sveigjanlegar, holar smákúlur sem steypublanda, festibúnað fyrir þak og sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 305/2011 eiga tæknimatsstofnanir að nota aðferðir og viðmiðanir, sem kveðið er á um í evrópskum matsskjölum, þar sem tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, til að meta nothæfi byggingarvara sem falla undir þessi skjöl í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.
- 2) Í kjölfar ýmissa beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, tekið saman og samþykkt ýmis evrópsk matsskjöl.
- 3) Evrópsku matsskjölin tengjast skilveggjasamstæðum sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfum sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum, þunnum samsettum málmplötum, sveigjanlegum, holum smákúlum sem steypublanda, festibúnaði fyrir þak og sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum. Evrópsk matsskjöl innihalda almenna lýsingu á byggingarvörunni, skrá yfir mikilvæga eiginleika sem skipta máli fyrir ætlaða notkun vörunnar samkvæmt tilgreiningu framleiðandans og sem samkomulag ríkir um á milli framleiðandans og samtaka tæknimatsstofnana, ásamt aðferðum og viðmiðunum fyrir mat á nothæfi vörunnar í tengslum við þá mikilvægu eiginleika.
- 4) Enda þótt evrópsku matsskjölin, sem tengjast skilveggjasamstæðum sem eru ekki hluti af burðarvirki, kerfum sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplatna með þar til gerðum festingum og sjálfberandi, gagnsæjum þakeiningum sem eru klæddar plastplötum, hafi verið gefin út, í stað samsvarandi fyrri viðmiðunarreglna um evrópskt tæknisamþykki, byggjast evrópsku matsskjölin, sem tengjast þunnum samsettum málmplötum, sveigjanlegum, holum smákúlum sem steypublanda og festibúnaði fyrir þak, eingöngu á beiðni einstakra framleiðenda um evrópskt tæknimat.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur metið hvort evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylli kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.
- 6) Evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki, sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011, þar eð atriðin, sem eru tilgreind í 3. forsendu þessarar ákvörðunar, hafa verið felld inn í matsskjölin á tilhlýðilegan hátt. Því er viðeigandi að birta tilvísanir til þessara evrópsku matsskjala í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 7) Skrá yfir evrópsk matsskjöl er birt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 ⁽²⁾. Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta tilvísunum til nýrra evrópskra matsskjala í þá skrá.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjallanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78).

- 8) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 til samræmis við það.
- 9) Til að gera mögulegt að nota evrópsku matsskjölin eins og fljótt og auðið er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi línum er bætt í viðaukann við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450:

„030351-00-0402	Kerfi sveigjanlegra og vatnsþéttandi þakplátna með þar til gerðum festingum (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 006“)
210005-00-0505	Skilveggjasamstæður sem eru ekki hluti af burðarvirki (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 003“)
210046-00-1201	Þunnar samsettar málmplötur
220089-00-0401	Sjálfberandi, gagnsæjar þakeiningar sem eru klæddar plastplötum (kemur í stað tækniforskriftar „ETAG 010“)
260017-00-0301	Sveigjanlegar, holar smákúlur sem steypublanda
331924-00-0602	Festibúnaður fyrir þak